

Sþ.

257. Tillaga til þingsályktunar

um að láta rannsaka orsakir til framkvæmdaleyfis allmargra bænda landsins í jarðrækt.

Flm.: Jón Ólafsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á því, hverjar séu orsakir þess, að allmikill fjöldi bænda landsins hefir ekki notfært sér þau friðindi, sem þeir hafa átt kost á samkvæmt jarðræktarlögunum. Skal meðal annars athuga, að hve miklu leyti eftirfarandi atriði, hvert fyrir sig, eiga hér hlut í:

1. Nægileg áveitulönd.
2. Nytjar af veiði í sjó eða vötnum.
3. Óhagstæður leigumáli.
4. Fátækt og úrræðaleyfi.

Að lokinni þessari rannsókn skal ríkisstjórnin, í samráði við Búnaðarfélag Íslands — ef rannsókn leiðir í ljós, að hér sé fátækt og úrræðaleyfi um að kenna — leggja fyrir Alþingi tillögur til góðrar úrlausnar þessu vandamáli. Kostnaður við rannsókn málsins greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem starfsmenn Búnaðarfélagsins ekki anna rannsókninni.

Greinargerð.

Í álit og tillögum skipulagsnefndar atvinnumála er sagt, að 496 grasbýli á landinu hafi engar jarðabætur unnið frá því jarðræktarlögin gengu í gildi til og með árinu 1935. Á sama tímabili hafa 753 býli fengið að meðaltali 4—5 krónur á ári fyrir unnar jarðabætur. Enn eru 2141 býli, sem hafa fengið árlega 25 kr. að meðaltali hvert. Þessar tölur sýna, að á meira en helmingi allra grasshýla á landinu hafa mjög litlar jarðabætur verið unnar, þrátt fyrir friðindi þau, er jarðræktarlögin bjóða.

Skipulagsnefndin hefir enga tilraun gert til að sýna þar orsakir, sem valda hinum mjög svo litlu framkvæmdum í jarðrækt, og er það þó aðalatriði, ef hugsað er til þess að hrinda jarðræktinni meira til framkvæmda en hingað til hefir verið gert. Í jarðræktarlögunum nýju er að vísu gerð tilraun til að bæta hlut þessara manna með auknum jarðabótastyrk. Sú aukning nemur 20% hækkun frá því, sem bændur hafa átt við að búa hingað til. En engin ástæða er til að ætla, að þessi 20% styrkhækkun muni valda straumhvörfum í jarðræktinni, og sé gert ráð fyrir sömu meðaltalsræktun og framfar getur, mundu 753 býli fá 0,90 hærri ársstyrk en áður, 2141 býli 5 krónum hærri árlegan styrk.

Ég sé ekki betur en þetta sé með öllu ófullnægjandi, og því verði að leita annara ráða, ef bæta á kjör hinna smærri bænda með aukinni jarðrækt og býlin gerð svo úr garði, að lífvænlegt sé á þeim hvað ræktað land snertir.

Samkvæmt jarðamatinu 1932 eru töluvert á þriðja þúsund grasshýli á landinu, sem hafa minna en þrjú hektara ræktaðs lands, og töðufengur á allflestum býlunum ekki nema 30 kaplar af ha. Sé nú ekki um því betri engjar að ræða á slíkum býlum, verður ekki séð, að skilyrði séu á þeim til lífvænlegrar áhafnar og þar af leiðandi sæmilegrar afkomu.

Fasteignamatið frá 1932 sýnir enn fremur ljóslega ástand það, sem ríkir í landinu um verðmæti bændabýlanna. 4487 býli, eða 78% af öllum býlum landsins, eru að fasteignamati umgír tíu þúsund krónum, og er það minna en sæmileg fjölskyldubúð í kaupstöðum. Ekki verður því móli mælt, hve ófullnægjandi byggingar margra býla eru, hæði fyrir menn og skepnur, og ber að leita allra ráða til endurbóta á því sviði. En aðalatriðið er þó það, að á hverju býli séu skilyrði fyrir lífvænlegan bústofn, sem gæti og staðið straum af kostnaði við sæmileg húsakynni, en það er grasnytin ein, sem til þess er treystandi, og virðist því óumflýjanleg nauðsyn að leggja meiri og almennari áherzlu á jarðræktina hér eftir en hingað til hefir verið gert.

Tilgangurinn með þessari tillögu er sá, að fá með rannsókn úr því skorið, hverjar séu orsakir til hinna slægu framkvæmda í jarðræktinni, sem raun ber vitni um, og enn fremur að fá því til vegar komið, að hafizt verði sem fyrst handa um meiri ræktun á smábýlum, með stuðningi ríkisins.